

Sælingsdalslaug sumar 2015

Opnunartímar Sælingsdalslaugar og breytingar þar á eru auglýstar á vef Dalabyggðar (dalir.is) og Ungmenna- og tómstundabúðanna (ungmennabudir.is).

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
					13. júní 10-18	14. júní 10-18
15. júní 14-19	16. júní 14-19	17. júní 14-19:30	18. júní 14-19	19. júní 14-19	20. júní 10-18	21. júní 10-18
22. júní 10-19	23. júní 10-19	24. júní 10-19:30	25. júní 10-19	26. júní 10-19	27. júní 10-18	28. júní 10-18
29. júní 10-19	30. júní 10-19	1. júlí 10-20	2. júlí 10-20	3. júlí 10-20	4. júlí 10-19	5. júlí 10-19
6. júlí 10-20	7. júlí 10-20	8. júlí 10-20	9. júlí 10-20	10. júlí 10-20	11. júlí 10-19	12. júlí 10-19
13. júlí 10-20	14. júlí 10-20	15. júlí 10-20	16. júlí 10-20	17. júlí 10-20	18. júlí 10-19	19. júlí 10-19
20. júlí 10-20	21. júlí 10-20	22. júlí 10-20	23. júlí 10-20	24. júlí 10-20	25. júlí 10-19	26. júlí 10-19
27. júlí 10-20	28. júlí 10-20	29. júlí 10-20	30. júlí 10-20	31. júlí 10-20	1. ágúst 10-19	2. ágúst 10-19
3. ágúst 10-18	4. ágúst 10-19	5. ágúst 10-19:30	6. ágúst 10-19	7. ágúst 10-19	8. ágúst 10-18	9. ágúst 10-18
10. ágúst 14-19	11. ágúst 14-19	12. ágúst 14-19:30	13. ágúst 14-19	14. ágúst 14-19	15. ágúst 12-18	16. ágúst 12-18
17. ágúst 14-19	18. ágúst 14-19	19. ágúst 14-19:30	20. ágúst 14-19	21. ágúst 14-19	22. ágúst 12-18	23. ágúst 12-18

Héraðsbókasafn - sumarlokun/opnun 2015

Héraðsbókasafn Dalasýslu verður lokað fimmtudaginn 18. júní og allan júlímánuð vegna sumarleyfa bókavarðar. Síðasti opnunardagur fyrir sumarlokun verður þriðjudaginn 30. júní og fyrsti opnunardagur eftir sumarleyfi þriðjudaginn 4. ágúst.

Skrifstofa Dalabyggðar - sumarlokun 2015

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Dalabyggðar lokað vikuna 12.-19. júlí.



DALAPÓSTURINN

8. tölublað, 8. árgangur
10. júní 2015

17. júní hátíðarhöld í Búðardal

Safnast verður saman við Dalabúð kl. 13:30 og börn fá þar fána og andlitsmálningu. Skrúðganga verður kl. 14 að Silfurtúni þar sem verður flutt hátíðarræða og fjallkonan stígur á stokk. Skátarnir munu að því loknu stýra leikjum þar sem börn jafnt sem fullorðnir munu etja kappi. Að dagskrá lokinni er tilvalið að njóta veitinga í Leifsbúð, Dalakoti eða í Blómálandinni. Hátíðarhöldin verða í umsjón Lionsklúbbs Búðardals og Skátafélagsins Stíganda.

Kvöldvaka 19. júní í Dalabúð

Samband breiðfirskra kvenna og Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi ætla að minnast 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna með kvöldvöku í Dalabúð föstudaginn 19. júní kl. 20:30.

Á dagskrá verður ávarp, upplestur, söngur og kaffiveitingar.

Lóðasláttur eldri borgara

Þeir eldri borgarar sem þarfnast lóðasláttar, þurfa að sækja um það á skrifstofu Dalabúðar, einnig er umsóknareyðublaðið að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Íbúð til leigu

Íbúðin að Sunnubraut 1a í Búðardal er laus til leigu. Íbúðin er félagsleg íbúð, fjögur herbergi og 102,5 m². Rafrænt umsóknareyðublað og reglur um úthlutun leiguíbúða eru á vef Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 23. júní. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Dalabyggðar, í síma 430 4700 eða á netfanginu dalir@dalir.is.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Ný samþykkt um búfjárhald

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest *Samþykkt um búfjárhald í Dalabyggð* og hefur hún verið send til birtingar í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt samþykktinni skal hver sá er hyggst halda búfé utan lögbýla sækja um leyfi til þess til sveitarstjórnar. Þeir sem við gildistöku samþykktarinnar eiga eða hafa í umsjón sinni búfé utan lögbýla, fá leyfi til að halda þeim gripafjölda er þeir þegar hafa, uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði samþykktarinnar. Þeir skulu tilkynna búfjárhald sitt til sveitarstjórnar Dalabyggðar innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar samþykktar.

Með gildistöku samþykktarinnar er lausaganga stórgripa bönnuð í Dalabyggð. Umráðamönnum stórgripa í sveitarfélaginu er skylt að hafa þá í vörslu innan gripaheldra girðinga samanber reglugerð um girðingar nr. 748/2002. Samþykktina má finna á vef Dalabyggðar, www.dalir.is.

Hreinsun rotþróa 2015

Árleg hreinsun rotþróa fer fram á næstu vikum og í ár verður hreinsað í Laxárdal, Skarðsströnd og Saurbæ. Á Skógarströnd, Hvammssveit og Fellsströnd verður hreinsað 2016 og í Suðurdölum og Haukadal 2017.

Til þess að hreinsun geti gengið auðveldlega fyrir sig þurfa húseigendur að tryggja óheft aðgengi að lóðum sínum og sjá til þess að hlið séu ólæst. Til að hægt sé að fjarlægja seyru úr öllum hólfum rotþróar þarf að lágmarki að vera 4 tommu (10 cm) stútar á öllum hólfum hennar. Nauðsynlegt er einnig að merkja staðsetningu rotþróa vel, til dæmis með veifu eða flaggi, til að auðvelda hreinsunarverktaka að finna þær.

Árgjald vegna rotþróarhreinsunar er innheimt samhliða fasteignagjöldum og tekur mið af því að um sé að ræða eina losun á þriggja ára fresti.

Ef íbúar á Skógarströnd, Hvammssveit, Fellsströnd, í Suðurdölum og Haukadal telja brýnt að hreinsað verði nú í ár skal beiðni send á netfangið dalir@dalir.is eða síma 430 4700. Áskilin er réttur til að innheimta sérstaklega fyrir aukahreinsun meti verktaki hreinsun ótímabæra.

Rúlluplast

Rúlluplasti verður safnað í Dalabyggð 24.-25. júní. Plastið skal haft á aðgengilegum stað og snyrtilega frágengið fyrir sorpverktaka. Baggabönd og net skal setja sér í glæra plastpoka.

Skólaakstur

Tvær akstursleiðir eru lausar til umsóknar frá og með næsta skólaári. Þ.e. *Skarðsströnd – Skriðuland* og *Miðdalir – Auðarskóli*.

Um skólaakstur í Dalabyggð gilda reglur sem finna má á vef Dalabyggðar. Greiðslur eru samkvæmt taxta Dalabyggðar. Áhugasamir sendi skriflega umsókn á skrifstofu Dalabyggðar fyrir 25. júní.

Laust starf skólaritara í Auðarskóla

Auðarskóli auglýsir eftir skólaritara í 87% starf. Ritarinn verður með aðstöðu í grunnskóladeild, en þjónar allri stofnuninni.

Helstu störf skólaritara eru ýmis skrifstofustörf; eins og símsvörun, uppfærslur á heimasíðu, innri vef og upplýsingum í námskrá og starfsáætlunum, sjá um gagnagrunna skólans (Mentor og Námfús), vinna við samantektir á gjöldum og skýrslum. Einnig að sinna nemendum með ýmis mál, panta inn vörur, fara í sendiferðir og fl. Starfstími skólaritara fylgir starfstíma leikskólans.

Skólaritari þarf helst að vera með stúdentspróf eða aðra sambærilega menntun og góða kunnáttu í íslensku og ensku. Hann þarf að hafa góða tölvufærni og þekkja vel vinnu í Word og Excel ásamt því að þekkja til skýjavinnslu, myndvinnslu og margmiðlunar. Góð hæfni í samskiptum er nauðsynleg. Reynsla af skólastarfi er kostur.

Umsóknir skulu sendar í tölvupósti á nefangið eyjolfur@audarskoli.is fyrir 17. júní. Frekari upplýsingar veitir Eyjolfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899 7037 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is

Timbur- og járnngámar í dreifbýli

Timbur- og járnngámar verða staðsettir í dreifbýli með sama sniði og undanfarin ár. Vikuna 18.-24. júní á Skógarströnd, Hörðudal og Miðdölum, 25. júní-1. júlí í Haukadal, Laxárdal og Hvammssveit, 2.-8. júlí á Fellsströnd og Skarðsströnd og 9.-15. júlí í Saurbæ.

Grasnytjar í landi Fjósa

Á fundi Byggðarráðs 9. júní sl. var sveitarstjóra falið að gera drög að endurnýjuðum samningum um grasnot á landi Fjósa og bjóða ónotað land til afnota. Í samræmi við þetta eru þeir sem hafa haft beitar- eða slægjuafnot á landi Fjósa eða óska eftir slíkum afnotum beðnir að hafa samband við sveitarstjóra fyrir 25. júní næstkomandi.